

Mál nr. 70/2009

M v/bifreiðarinnar L

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bónda

Ekið á nautgrip 16.12. 2008 í Arnarneshreppi, ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.02. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.03. 2009, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðinni var ekið á nautgrip.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi. Félagið vísar til þess að lögreglan hafi rétt náð í bóndann til þess að tilkynna honum um lausa nautgripi þegar óhappið varð. Bóndinn hafi því ekki haft tök á því að “bregðast við með neinu móti...” Í öðru lagi hafi viðhald og eftirlit með girðingum verið gott. Tjónið á bifreiðinni verði því ekki rakið til saknæmrar háttsemi búans. Í þriðja lagi telur félagið að girðingin hafi verið í samræmi við girðingalög nr. 135/2001 og reglugerð nr. 748/2002 um girðingar fyrir gelt naut. Í fjórða lagi telur félagið að hornstaur í girðingunni hafi brotnað og lagst niður vegna þess að naut hafi nuddað sér utan í hann. Þetta hafi orsakað það að strengir í girðingunni hafi verið slakir sbr. nánar gögn málsins. Búið hafi ekki haft vitneskju um brotna staurinn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta ítarlega. Hann telur efnislega að girðingu hafi verið áfátt t.d. hafi tveir strengir verið á kafi í snjó og þess vegna hafi hún ekki verið held fyrir nautgripi. Hann vísar og til þess að lausaganga búfjár sé bönnuð á þessum stað. Hann telur að bóndinn hafi geymt nautgripi í vanbúinni girðingu. Hann beri því ábyrgð á því tjóni sem varð er bifreiðinni var ekið á nautgripina.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ljóst er að girðingu var ábótavant og að aðgæsluleysi aðila er um að kenna að nautgripir komust út á veg. Það breytir ekki ofanrituðu þó lögreglan hafi ekki náð að gera aðilum viðvart um lausa nautgripi.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 31. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.